



Reglur um frístundabjónustu fyrir fötluð börn

Reglur Kjósarhrepps um frístundabjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, frístundaklúbburinn Úlfurinn.

1. gr. Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á bjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita sbr. 16. gr. laga nr. 38/2018 um bjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og tekur við þegar almenn frístundabjónusta skv. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 hættir.

Sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundabjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur.

2. gr. Markmið

Úlfurinn er frístundaklúbbur fyrir fötluð börn í 5. – 10. bekk grunnskóla og fatlaðra framhaldsskólanema með viðtækar stuðningsþarfir. Bjónustan er ætluð þeim sem ekki hafa aðgengi í önnur frístundaúrræði sem hæfa hag eða þörfum þeirra. Frístundaklúbburinn Úlfurinn er staðsettur í Mosfellsbæ og stendur fötluðum börnum og ungmennum til boða samkvæmt samningi milli Kjósarhrepps og Mosfellsbæjar þar um. Frístundabjónusta tekur við þegar reglubundnum skóladegi lýkur, og eftir atvikum áður en daglega kennsla hefst og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki.

Í frístundaklúbbnum gefst tækifæri til að njóta félagslegra samskipta í gegnum leik og skapandi starf. Markmið frístundaklúbbsins er að veita þeim sem þar dvelja öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagt frístundastarf við hæfi hvers og eins.

3. gr. Skilyrði fyrir samþykkt

Úlfurinn er ætlaður börnum og ungmennum með staðfesta fötlunargreiningu sem skerðinga sinna vegna geta ekki verið ein heima eftir að skóladegi lýkur.

Til þess að eiga rétt á frístundabjónustu Úlfins þurfa notendur að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði og leggja fram gögn því til stuðnings eftir því sem við á:

- a. Eiga lögheimili í Kjósarhreppi.
- b. Vera barn í 5. -10. bekk grunnskóla eða ungmenni í framhaldsskóla.
- c. Að fötlun hafi verið greind hjá viðurkenndum greiningaraðilum sem eru Ráðgjafar- og greiningarstöð, Barna og unglingageðdeild eða Geðheilsumiðstöð barna.
- d. Mat á stuðningsþörf (SIS) frá Ráðgjafar- og greiningarstöð, flokk V eða hærri.
- e. Að mat á heildrænni bjónustuþörf sýni þörf barnsins fyrir bjónustuna.

4. gr. Umsókn

Foreldrar eða ungmenni geta sótt um í Úlfinn að uppfylltum inntökuskilyrðum. Umsókn skal berast rafrænt til fjölskyldusviðs í gegnum bjónustugátt Mosfellsbæjar. Almennur umsóknarfrestur fyrir komandi skólaár er 20. maí ár hvert. Gjald fyrir bjónustuna er tekið samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni.



5. gr. Forgangsröðun umsókna

Samþykktar umsóknir raðast eftir forgangsröðun hverju sinni. Sé ekki unnt að hefja stuðning strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að þjónustan geti hafist.

Heimilt er að horfa til þess við samþykkt umsóknar hvort umsækjandi hafi tryggt aðgang að frístundabjónustu í gegnum sinn sérskóla.

6. gr. Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun synjunar. Umsækjandi getur áfrýjað synjun fjölskyldusviðs til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

7. gr. Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Ákvörðun fjölskyldunefndar skal kynnt umsækjanda skriflega og um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála, sé um synjun að ræða. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun fjölskyldunefndar.

8. gr. Gildistaka

Samþykkt á 7. fundi Fjölskyldu- og menningarnefndar þann 19. Mars 2025. 2025. Staðfest á 304. fundi sveitarstjórnar þann 2. Apríl 2025. Reglur þessar öðlast gildi við .

Kjósarhreppur 3. Apríl 2025